

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 735/1997 um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

1. gr.

Liður 5.3. Önnur steinefni, í VIÐAUKA II, Samsetning stoðblandna verður svohljóðandi:

5.3. Önnur steinefni.

„Styrkleikinn er að minnsta kosti sá sami og venjulega er í kúamjólk, minnkaður þar sem við á, í sama hlutfalli og próteinstyrkleiki stoðblandnanna gagnvart próteinstyrkleika kúamjólkur.“ Dæmigerð samsetning kúamjólkur er sýnd til leiðbeiningar í VIÐAUKA VI.

5.3.1 Viðmiðunargildi fyrir hámark annarra steinefna í stoðblöndum.

	Í 100 kJ	Í 100 kkal
	Hámark	Hámark
Natríum (mg)	14	60
Kalíum (mg)	35	145
Klóríð (mg)	29	125
Kalsíum (mg)	60	250
Fosfór (mg)	22	90
Magnesíum (mg)	3,6	15
Kopar (µg)	29	120
Selen (µg)	0,7	3

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Reglugerðin er sett með hliðsjón af XII. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipun nr. 91/321/EBE og tilskipun nr. 96/4/EB). Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 18. september 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Þingeyri, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 14. júní 2001, samþykkt deiliskipulag Hafnarsvæðis á Þingeyri, þ.e. Sjávargötu og hluta Hafnarstrætis.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafjarðarbæ, 26. september 2001.

Stefán Brynjólfsson byggingarfulltrúi.